



PÓST- OG FJARSKIPTASTOFNUN

Ákvörðun nr. 11/2012 um niðurfellingu kvaða á heildsölumarkaði fyrir aðgang og upphaf símtala í almennum farsímanetum (markaður 15)

Póst- og fjarskiptastofnun (PFS) hefur með vísan til 17. gr. laga nr. 81/2003, um fjarskipti, ásamt síðari breytingum, greint heildsölumarkað fyrir aðgang og upphaf símtala í almennum farsímanetum (markaður 15) í annað sinn.

Með bréfi, dags. 30. ágúst 2011, voru drög að greiningu á viðkomandi markaði send til Samkeppniseftirlitsins og fjarskiptafyrirtækja og þeim boðið að gera athugasemdir við markaðsgreininguna og fyrirhugaða niðurstöður. Eftirfarandi aðilar sendu inn athugasemdir við frumdrögin: Fjarskipti ehf. (Vodafone), IP-fjarskipti ehf. (Tal), Nova ehf., Samkeppniseftirlitið, Símafélagið ehf. og Síminn hf.

Með bréfi, dags. 20. febrúar 2012, tilkynnti PFS formlega til Eftirlitsstofnunar EFTA (ESA) drög að ákvörðun um markað 7, ásamt viðaukum, í samræmi við ákvæði 1. mgr. 7. gr. laga nr. 69/2003, um Póst- og fjarskiptastofnun, og tilmæli skv. 7. gr. rammatilskipunarinnar. Með bréfi, dags. 20. mars 2012, barst PFS álit ESA á framangreindum drögum. Í álitinu þessu kemur fram að ESA gerir engar athugasemdir við greininguna eða þær kvaðir sem PFS leggur til vegna umrædds markaðar.

Greining á markaði 15 hefur nú verið uppfærð í samræmi við þær athugasemdir sem teknar voru til greina, auk þess sem tölfræði hefur verið uppfærð í samræmi við nýjustu tölur. Uppfærða greiningu á markaði 15 er að finna í viðauka A með ákvörðun þessari og athugasemdum sem bárust er svarað í viðauka B.

1. Niðurstaða markaðsgreiningar

PFS hefur skilgreint viðkomandi markað í samræmi við 16. gr. laga um fjarskipti. Þar sem markaðurinn er ekki lengur í tilmælum ESA um viðkomandi markaði og hans er ekki getið í viðauka með reglugerð um markaðsgreiningar á sviði fjarskipta nr. 741/2009, var framkvæmt mat skv. 4. mgr. 4. gr. reglugerðarinnar á því hvort markaðurinn uppfylli þau skilyrði sem þarf til þess að til greina komi að beita fyrirfram (ex ante) kvöðum gagnvart fyrirtækjum á markaðnum. Samkvæmt 3. mgr. 4. gr. reglugerðarinnar eru þau skilyrði sem þarf að uppfylla eftirfarandi:

- a. að um sé að ræða miklar og viðvarandi aðgangshindranir,
- b. að markaður sé þannig uppbyggður að ekki sé að vænta virkrar samkeppni í nánustu framtíð,
- c. að beiting samkeppnisréttar myndi ekki nægja ein og sér til að bæta úr þar sem markaðurinn hefur brugðist.

Niðurstaða greiningar PFS var sú að markaðurinn uppfyllti ekki lengur skilyrði b, þar sem hann stefnir nú í átt að virkri samkeppni og því beri að aflétta kvöðum sem lagðar hafa verið á fyrirtæki á þessum markaði. Varðandi frekari rökstuðning fyrir þessari niðurstöðu vísast til viðauka A og B með ákvörðun þessari.

2. Kvaðir á viðkomandi markaði

Með ákvörðun sem birt var í kjölfar fyrri markaðsgreiningar á viðkomandi markaði þann 5. febrúar 2007 voru eftirtaldar kvaðir lagðar á Símann á heildsölumarkaði fyrir aðgang og upphaf símtala í almennum GSM farsímanetum:

- a. Kvöð um að veita aðgang að GSM farsímaneti
- b. Kvöð um jafnræði
- c. Kvöð um gagnsæi
- d. Kvöð um bókhaldslegan aðskilnað
- e. Kvöð um eftirlit með gjaldskrá

Þar sem markaðurinn uppfyllir ekki lengur skilyrði sem þarf til þess að leggja megi á fyrirfram kvaðir með vísan til 3. mgr. 4. gr. reglugerðar um markaðsgreiningar á sviði fjarskipta og skuldbindinga skv. EES samningnum hefur PFS ákveðið að fella niður ofangreindar kvaðir á Símann.

Samkvæmt 6. mgr. 9. gr. reglugerðar um markaðsgreiningar á sviði fjarskipta ber PFS að tilkynna þeim sem ákvörðunin hefur áhrif á með hæfilegum fyrirvara um niðurfellingu kvaða áður en viðkomandi ákvörðun kemur til framkvæmdar. Með hliðsjón af þessu hefur PFS ákveðið eftirfarandi:

- a. Kvöð um að veita aðgang að GSM farsímaneti Símanns fellur niður 12 mánuðum eftir birtingu ákvörðunar þessarar.
- b. Kvaðir um jafnræði, gagnsæi, bókhaldslegan aðskilnað¹ og eftirlit með gjaldskrá falla niður 6 mánuðum eftir birtingu ákvörðunar þessarar.

¹ Hér er aðeins átt við skyldu til bókhaldslegs aðskilnaðar á farsímasviði sem stafar af greiningu á markaði 15. Kvöð um bókhaldslegan aðskilnað vegna markaðar 7 fyrir lúkningu símtala í einstökum farsímanetum gildir áfram þar til annað verður ákveðið.

3. Gildistaka ákvörðunar og kæruleið

Ákvörðun þessi tekur gildi frá þeim degi sem hún er birt og verður í gildi þar til annað er ákveðið af Póst og fjarskiptastofnun.

Ákvörðun þessi er kæránleg til úrskurðarnefndar fjarskipta- og póstmála sbr. 13. gr. laga nr. 69/2003, um Póst- og fjarskiptastofnun. Kæran skal berast úrskurðarnefnd innan fjögurra vikna frá því viðkomandi varð kunnugt um ákvörðun Póst- og fjarskiptastofnunar. Um kostnað vegna málskots fer samkvæmt 5. mgr. 13. gr. sömu laga, auk þess sem greiða ber sérstakt málskostsgjald að fjárhæð 150.000 kr., skv. 6. gr. reglugerðar nr. 39/2009 um úrskurðarnefnd fjarskipta- og póstmála.

Reykjavík, 30. mars 2012

Hrafnkell V. Gíslason

Óskar H. Ragnarsson

Meðfylgjandi:

Viðauki A – Greining á markaði 15.

Viðauki B – Athugasemdir hagsmunaaðila og niðurstöður úr samráði vegna greiningar.

Viðauki C – Álit ESA.